

Alþingi
Erindi nr. P 130/1838
komudagur 16.4.2004



Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

15. apríl 2004


Umsögn SVP - Samtaka verslunar og þjónustu um Frumvarp til breytinga á lögum um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, 734. mál

SVP- Samtök verslunar og þjónustu mótmæla fyrirhugaðri útvíkkun á gildissviði núgildandi laga, enda gerir tilskipun Evrópuþingsins ekki ráð fyrir því að löggin nái til þjónustu heldur einungis til vöruviðskipta. Frumvarpið felur í sér verulega aukningu á eftirlits- og skrifræðisbyrði verslunar- og þjónustufyrirtækja. SVP mótmæla því að íslensk þjónustufyrirtæki verði látin bera þann kostnað og sinna því umstangi sem frumvarpið krefst, umfram það sem almennt gerist á Evrópska efnahagssvæðinu. Þjónustugreinarnar eru í mjög vaxandi mæli í alþjóðlegri samkeppni. Ef frumvarpið yrði að lögum hefði það verulega neikvæð áhrif á samkeppnishæfni gagnvart erlendum keppinautum.

Í frumvarpinu er skilgreining þjónustuhugtaksins mjög óljós og vandséð hvaða ábyrgð og eftirlit ýmsar þjónustugreinar munu hafa. Má þar nefna flutningafyrirtæki, sem hefur nýlega verið gert að taka á sig verulega hert eftirlit til að koma í veg fyrir hryðjuverk með ærnum tilkostnaði. Aukið eftirlit sem sett er á hendur þjónustufyrirtækja hlýtur að leiða til hærra verðs til neytenda.

Í 9. grein frumvarpsins eru lagðar þær skyldur á framleiðendur og dreifingaraðila að þeim beri að gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir að hættuleg vara komist á markað, m.a. með úrtaksprófunum og veitingu upplýsinga um hættueiginleika vörunnar. Óljóst er hvað átt er við með dreifingaraðila í þessu sambandi. Ef hér er átt við t.d. smásöluverslun er ekki sanngjarn að ætlast til að einstaka verslunareigendur geti haft nákvæmara eftirlit með merkingu vöru en þegar er gert er ráð fyrir í núgildandi lögum.

Virðingarfyllst,
Fh. SVP – Samtaka verslunar og þjónustu


Emil B. Karlsson